

Ed.

698. Frumvarp til laga

[204. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

F.lm.: Katrín Smári.

1. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna orðist svo:
Hússtjórnarskólar, markmið þeirra og skipulag.

2. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Markmið hússtjórnarskóla er að veita nemendum sínum menntun til heimilisstjórnar, barnauppeldis og venjulegra heimilisstarfa:

- a. á eigin heimili,
- b. á heimilum undir stjórn húsmóður,
- c. á heimilum, þar sem húsmóðir er fjarverandi eða forfölluð í lengri eða skemmri tíma (sbr. lög um heimilishjálp í viðlögum),

d. á heimilum öryrkja og ellilífeyrisþega (sbr. 22. gr. laga um almannatryggingar). Kennsla vegna c- og d-liða fari fram í sérdeildum eða námskeiðum fyrir nemendur á ýmsum aldri, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Menntun hússtjórnarskóla með hliðsjón af b-, c- og d-liðum veiti sérstök atvinnuréttindi, sem setja skal með reglugerð eða lögum.

3. gr.

Í stað orðsins „húsmæðraskóla“ í 1. málsl. 2. gr. laganna komi: hússtjórnarskóla. Allar aðrar greinar laganna, þar sem orðið „húsmæðraskóli“ kemur fyrir, jafnt í fleirtölu sem eintölu, breytist á sama hátt.

4. gr.

Í stað orðsins „húsmæðrafræðslu“ í 4. gr. laganna komi: hússtjórnarfræðslu.

5. gr.

Í stað orðsins „húsmæðrakennslu“ í 1. málsgr. 12. gr. laganna komi: hússtjórnar-kennslu.

6. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn hússtjórnarfræðslunnar. Námsstjóri eða námsstjóri hússtjórnarfræðslunnar starfi skv. erindisbréfum námsstjóra eða lögum um námsstjóra.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49 7. maí 1946 og gefa þau út svo breytt, með fyrirsógninni: Lög um hússtjórnarfræðslu.

Greinargerð.

Þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 49/1946 fer ekki fram á breytingar á sjálfri hússtjórnarfræðslunni, sem hefur nær eingöngu miðast við að undirbúa konur undir heimilisstjórn á eigin heimili. Þær breytingar, sem felast í frumvarpinu fyrst og fremst, miðast við að bæta úr brýnni þörf fyrir aðstoð við heimilisstörf og hússtjórn, þegar húsmóður nýtur ekki við ýmissa hluta vegna, svo sem vegna sjúkdóma um lengri eða skemmri tíma, sængurlegu og nauðsynlegrar hvíldar á eftir, húsmæðraorlofs, sem þær húsmæður, sem mesta þörf hafa fyrir það, geta ekki notið vegna þess, að þær komast ekki að heiman. Enn fremur vantar heimilisaðstoð á barnmörgum heimilum og þar, sem húsmóðirin hefur atvinnu utan heimilis.

Enn fremur er brýn nauðsyn fyrir heimilisaðstoð við öryrkja og aldrað fólk, sem er ekki að öllu leyti sjálfbjarga þótt búi í eigin íbúð. Vísast hér til nefndarálits, sem fylgdi frumvarpi til laga um byggingarsjóð aldraðs fólks, sem lagt var fyrir Alþingi árið 1963.

Kvenréttindafélag Íslands samþykkti á landsfundi 1964 eftirfarandi: „Fundurinn vill beina þeim tilmælum til fræðslumálastjórnarinnar (og félagsmálaráðuneytisins) að beita sér fyrir því, að komið verði á námskeiðum fyrir nýja stétt kvenna, sem tekizt gæti á hendur heimilisstörf, skv. lögum um heimilishjálpar í viðlögum og skv. 22. gr. laga um almannatryggingar, um heimilishjálpar fyrir ellilífeyrisþega. Enn fremur vill fundurinn benda á, að þegar von er á hæfu starfsliði til slíkrar heimilishjálpar, koma enn fleiri verkefni til greina, og stefna ber að því, að þau komist í framkvæmd, svo sem heimilishjálpar vegna húsmæðraorlofs og fæðingarorlofs húsmæðra.“

Félagsfundur Kvenréttindafélags Íslands 16. marz 1965 samþykkti að beina þeirri áskorun til menntamálaráðherra og fræðslumálastjórnar, að menntun til umræddra starfa færi fram í sérdeildum húsmæðraskólanna. Fundurinn taldi ástæðu til að athuga, hvort ekki væri æskilegt, að einkennisbúningar fylgdu þessum störfum, sem upplýst var, að verið hefði í Danmörku hvatning fyrir stúlkur til að taka að sér þessa heimilishjálp.

Í öðru lagi eru breytingar frumvarpsins fólgnar í því að afnema misrétti milli karla og kvenna, sem í lögunum er að finna, og þar með fækka þeim skólum landsins, sem karlmönnum er með lögum meinaður aðgangur að. Íslenzkar konur hafa fengið því framgengt að eiga með lögum aðgang að öllum skólum landsins. Það er því ekki vansalaust, að til skuli vera skólar, sem körlum, ekki aðeins vegna gamallar venju, heldur einnig vegna orðalags laga um viðkomandi skóla, er óheimill aðgangur að.

Ísland hefur orðið að gefa upplýsingar um þetta á alþjóðavettvangi, sbr. XVth International Conference on Public Education convened by UNESCO and the I.B.E. Geneva 1952. ACCESS of WOMEN to EDUCATION. From information supplied by the Ministries of Education — bls. 108 og 109: „The vocation schools in Iceland are accessible equally to boys and girls, although the sexes are in practice divided among different trades through choice or tradition. The only exceptions are the housewifery, midwifery and nursing schools, which by law are reserved for women.“ Og enn fremur: „All university faculties and other higher education establishments in Iceland are open to both sexes, except for the special divisions of a school for teachers of art and crafts (needlework, etc.) reserved for women.“

Frá því að þessar upplýsingar voru gefnar, hefur körlum verið veitt innganga í einn þessara skóla, Hjúkrunarskóla Íslands, sem áður hét Hjúkrunarkvennaskóli Íslands og hafði „það hlutverk að veita konum fræðslu til að verða vel menntaðar hjúkrunarkonur“.